

30. fundur

11. febrúar 2019

1606030SA

Málalykill: 16.03

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 11. febrúar 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Þórsson. Fulltrúi ASÍ, Árni Steinar Stefánsson.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Guðfinna Harðardóttir frá Starfsmennt og Þórkatla Þórðardóttir og Marín Jónasdóttir frá Borgarholtsskóla.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Nám félagsliða – staða mála

Farið var yfir ferli náms fyrir félagsliða. Námskrá fyrir nám þeirra hefur nú verið rýnt af nefnd innan Starfsgreinaráðs og gerði nefndin engar athugasemdir við hæfnikröfur námskrár. Nefndin gerði tillögu um lengra starfsnám sem þeim fannst of stutt í fyrirliggjandi tillögum og lagði til að það yrði í þrjá mánuði og launað. Í staðinn verði tekið úr námskrá almennar námsgreinar. Námið mun verða rúmlega 180 einingar að teknu tilliti til breytingartillagna Starfsgreinaráðs.

Brúarnám þarf að fylgja með tillögum um námskrá félagsliða.

Starfsþróunarnefnd fagnar þessari vinnu um námskrá félagsliða og er sammála um mikilvægi þess að auka starfsnám hjá fleiri stéttum, s.s. stuðningsfulltrúa, leikskólaliða, skólaliða og frístundaleiðbeinenda.

Skólaliðanám verði 150 kest. langt.

Starfsþróunarnefnd samþykkir að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að fara yfir hæfnigreiningar starfa sveitarfélaga.

2. Mat á námi sundlaugarvarðar

Lögð fram beiðni um mat á námi frá Margmiðlunarskólanum og Tækniskólanum. Starfsheiti er sundlaugarvörður.

Máli frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00

Næsti fundur verður haldinn 11. mars 2019 kl. 9:30